



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FYRIRLESTUR Í NOREGI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heldur á morgun fyrirlestur sem kenndur er við Stein Rokkan við háskólann í Bergen í Noregi. Stein Rokkan var einn fremsti félags- og stjórnmálafræðingur í veröldinni á sínum tíma og forystumaður í þróun nútímafélagsvísinda. Háskólinn í Bergen stofnaði til árlegra fyrirlestra sem helgaðir eru minningu hans og á undanförunum árum hafa ýmsir helstu fræðimenn á þessu sviði flutt þá fyrirlestra. Fyrirlesturinn sem Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands flytur á morgun ber heitið: „Nýja norðrið: fjarlæggar byggðir færast í brennidepil alþjóðamála.“

Ólafur Ragnar Grímsson var á sínum yngri árum náinn samverkamaður Stein Rokkan þegar þeir í sameiningu lögðu grundvöll að íslenskum stjórnmálafræðirannsóknum fyrir rúmum 30 árum og tóku þátt í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem helgað var smærri lýðræðisríkjum í Evrópu.

Forseti Íslands verður auk þess sérstakur gestur á ársfundi Chr. Michelsen félagsvísindastofnunarinnar í Bergen og mun eiga viðræður við fræðimenn, kennara og nemendur við Háskólann í Bergen. Þá mun forseti heimsækja Sjávarútvegsstofnunina í Bergen þar sem fram fer sérstök kynning á rannsóknum tengdum norðlægum hafsvæðum og því hvernig varðveita eigi lífríki þeirra.

16. mars 2004